

Tillaga að ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, beinir því til stjórnvalda að jafna aðstöðumun sveitarfélaga í landinu varðandi meðhöndlun úrgangs. Stjórnvöld veiti stuðning við uppbyggingu og rekstur úrvinnslukerfa og eða með jöfnun á flutningskostnaði úrgangs. Íbúar landsins eiga óháð búsetu, að standa jafnt í því markmiði að skapa skilyrði til hringrásarhagkerfis og trygga stjórnun úrgangsmála. Því verður að draga úr aðstöðumun dreifðra byggða sem staðsettar eru langt frá urðunar-, móttöku- og förgunarstöðum, við þær byggðir sem eru í nálægð við slíka staði.

Flutningsmaður: Stjórn FV

Greinargerð.

Markmið sem sett voru með breytingu á lögum 55/2003 og tóku gildi í ársbyrjun 2023, setja háleit markmið að ná tökum á meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa af þessu tilefni unnið á árinu 2024, að marka sér stefnu í úrgangsmálum, með gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum.

Sveitarfélög á Vestfjörðum taka þar fast á málum í anda þeirra markmiða sem sett eru með breyttum lögum. Markmið svæðisáætlunarinnar eru að koma á virku hringrásarhagkerfi, beita hagrænum hvötum til að minnka úrgang og setja sérstaka áherslu á úrvinnslu á lífrænum úrgangi. Eins á að draga úr flutningi úrgangs út af svæðinu eins og kostur er.

Greining svæðisáætlunar leiðir í ljós að gera þarf verulegar breytingar á úrgangskerfum innan Vestfjarða ef takast eigi að ná markmiðum, en dreifð byggð, fámenni og miklar fjarlægðir leiða til dýrra lausna. Því verður, þrátt fyrir þetta markmið um að minnka flutning, að meta samhlíða kostnað við flutning á úrgangi út af Vestfjörðum og semja síðan um úrvinnslu úrgangs í öðrum landshlutum.

Það fylgdi síðan breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs að sveitarfélögum er nú skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis í upphafi árs 2023, kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga er sláandi. Samkvæmt nýjum samanburði eru t.d. gjöld Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar vegna meðhöndlunar úrgangs þau hæstu sem gerist á landinu og langtum hærri en það sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.

Sveitarfélögini eru skýr í því að fylgja stjórnvöldum um markmið laga um meðhöndlun úrgangs. Það hlýtur samt að verða með þeim hætti að íbúar landsins standi þar jöfnum fæti kostnaðarlega

séð, ella er gengið gegn markmiðum annarra áætlana stjórnvalda sem hafa að markmiði að stuðla að búsetufrelsi um land allt.